

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 1/2018

Kæra Ergoline Ísland ehf. á ákvörðun Neytendastofu, dags. 7. desember 2017.

1. Þann 14. maí 2018 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2018: Kæra Ergoline Ísland ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 7. desember 2017. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 19. janúar 2018, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu frá 7. desember 2017 um að ekki væri ástæða til að bregðast við erindi kæranda er laut að samskiptum Pennans ehf. við Íslandsbanka hf. í tengslum við útboð vegna fyrirhugaðra kaupa bankans á húsgögnum. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að Penninn ehf. verði beittur viðurlögum á grundvelli ákvæða laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu en ella að málinu verði vísað til nýrrar meðferðar Neytendastofu.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 20. febrúar 2017, kvartaði kærandi yfir samskiptum Pennans ehf. við Íslandsbanka hf. í tengslum við útboð vegna kaupa bankans á húsgögnum. Í erindinu kemur fram að Penninn ehf. hafi með vísvitandi rangri og ólögumatri upplýsingagjöf til Íslandsbanka hf., þar sem fram hafi komið að félagið sé eini réttmæti sölu- og dreifingaraðili Herman Miller og Vitra húsgagna hérlendis, brotið gegn 5. og 14. gr. laga nr. 57/2005 og haft veruleg áhrif á viðskipti Íslandsbanka hf. við kæranda. Hafi háttsemin valdið kæranda tjóni sem hlaupi á tugum milljóna króna vegna tapaðra viðskipta og hafi Penninn ehf. með henni aflað sér viðskipta sem kærandi hafi upphaflega tryggt sér.
5. Kærandi sérhæfi sig í sölu skrifstofuhúsgagna hérlendis. Á meðal birgja fyrirtækisins sé danska dreifingarfyrirtækið Holmris Group, sem sé dreifingaraðili fyrir fjölda virtra húsgagnaframleiðenda og hönnuða. Þann 17. ágúst 2016 hafi kæranda verið boðið að taka þátt í útboði á skrifstofuhúsgögnum fyrir nýjar höfuðstöðvar Íslandsbanka hf. í Kópavogi og þann 2. september 2016 hafi hann lagt inn tilboð í allar þær vörur sem Íslandsbanki hf. hafi óskað eftir með vörum frá Holmris. Eftir því sem kærandi komist næst hafi tilboð hans verið það lægsta í útboði Íslandsbanka og hafi lágt verð hans komið starfsmönnum bankans á óvart.

Vegna þessa hafi starfsmaður bankans spurð fyrir um hvort verð húsgagna í tilboði kæranda tækju tillit til virðisaukaskatts og aðflutningsgjalda, en það hafi verið staðfest af hálfu kæranda. Í kjölfarið hafi farið fram símafundur milli kæranda og Íslandsbanka hf. þar sem bankinn hafi lýst yfir áhuga á að kaupa vörur frá kæranda, en að mögulega yrði viðskiptunum dreift milli tveggja til þriggja birgja. Eftir símafundinn hafi Íslandsbanki hf. svo sent lista til kæranda þar sem fram hafi komið endanlegt magn húsgagna og heildarverð viðskipta. Hafi samstarfið miðað við að bankinn myndi kaupa af kæranda öll þau húsgögn sem hann þyrfti vegna nýrra höfuðstöðva sinna, enda hafi kærandi átt lægsta tilboðið í útboði bankans.

6. Með tölvupósti Íslandsbanka hf. til kæranda og birgisins Holmris 22. september 2016 hafi starfsmaður bankans hins vegar lýst því yfir að starfsmaður Pennans ehf. hafi haft samband við bankann og fullyrt að Penninn ehf. hefði einn heimild til sölu Herman Miller húsgagna á Íslandi, en slík húsgögn hafi verið meðal þeirra húsgagna sem kærandi hefði boðið bankanum til kaups. Því til stuðnings hafi Penninn ehf. vísað til samskipta við erlendan framleiðanda húsgagnanna sem voru sögð staðfesta einkarétt Pennans ehf. Að auki hafi starfsmaðurinn lýst yfir efasemdum um ábyrgðir og getu kæranda til þess að þjónusta viðkomandi húsgögn að því er virtist í því skyni að fá Íslandsbanka hf. ofan af því að versla við kæranda. Vegna þessa hafi bankinn óskað eftir skýringum á því hvernig kærandi hygðist þjónusta húsgögnin og hvernig ábyrgðarmálum væri háttað.
7. Fyrrgreindum fullyrðingum hafi verið hafnað í tölvubréfi 23. september 2016 af hálfu kæranda og Holmris. Þar hafi sölustjóri Holmris hafnað röngum fullyrðingum Pennans ehf. um einkarétt til sölu hér á landi og staðfest að auki að kærandi hefði fulla getu til að þjónusta bankann að öllu leyti. Þann 24. september 2016 hafi borist annar póstur frá Íslandsbanka hf., þar sem bankinn hafi áfram lýst yfir áhyggjum á rétti kæranda til að selja húsgögnin. Hafi bankinn óskað eftir því að kærandi útvegaði sérstakar staðfestingar frá framleiðendum húsgagnanna um að fyrirkomulagið hefði engin neikvæð áhrif á bankann og að hann fengi fullnægjandi ábyrgðarþjónustu vegna húsgagnanna.
8. Hinn 26. september 2016 hafi Íslandsbanki hf. upplýst kæranda um að líklega yrði gengið til samninga við tvo aðila, þ.e. kæranda og Pennann ehf., og þannig ekki einungis kæranda eins og upphaflega hafi verið gert ráð fyrir. Í kjölfarið hafi bankinn hafið það ferli að ákveða hvaða vörur yrðu keyptar af annars vegar kæranda og hins vegar Pennanum ehf. Hafi kærandi á þessum tíma komist á snoðir um að Penninn ehf. hefði lækkað verð sitt eftir að í ljós kom að tilboð kæranda hefði verið lægra en tilboð hans. Á húsagnalista, sem starfsmaður bankans hafi sent kæranda 5. október 2016, hafi síðan komið í ljós að bankinn hafi hætt við kaup á töluverðu magni af húsgögnum sem upphaflega hafði verið óskað eftir frá kæranda og hafi t.a.m. allir stólar verið teknir út. Hafi stólarnir verið meðal þeirra vara sem fullyrðing Pennans ehf. um einkasöluleyfi á héraendis hafi tekið til.
9. Í bréfi kæranda segir síðan að fyrrgreindar fullyrðingar Pennans ehf. hafi verið rangar og til þess fallnar að hafa áhrif á viðskiptasamband kæranda og Íslandsbanka hf. Þær hafi verið settar

fram til að skaða hagsmuni kæranda og með þeim hafi Penninn ehf. brotið gegn 5. og 14. gr. laga nr. 57/2005.

10. Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. mars 2017, var erindið sent til umsagnar Pennans ehf. Fyrirtækið brást við erindinu með bréfi, dags. 24. mars 2017. Þar kemur meðal annars fram að Penninn ehf. telji kæranda ekki hafa lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins þar sem kærandi hafi ekki gert tilboð í umræddu útboði. Hins vegar hafi fyrirtækið Holmris Group lagt fram tilboð, en orðalag kæranda sé rangt og villandi að því leyti að það tilboð hafi ekki innihaldið vörur frá Holmris Group heldur snúist málið um vörur frá framleiðendunum Herman Miller og Vitra. Engar vörur frá Holmris Group hafi verið í tilboðinu. Kærandi eigi samkvæmt framangreindu ekki aðild að málinu, enda hafi nafn hans hvergi komið fram og hafi fulltrúar hans á engan hátt tekið þátt í fyrrgreindum samskiptum. Þá sé því mótmælt að upplýsingagjöf Pennans ehf. til Íslandsbanka hf. hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.
11. Penninn ehf. sé svonefndur viðurkenndur söluaðili (e. authorized dealer) Herman Miller húsgagna á Íslandi og raunar sá eini hér á landi. Um það sé einfaldlega vísað til meðfylgjandi yfirlýsingar Herman Miller þess efnis. Sömuleiðis sé Penninn ehf. eini viðurkenndi söluaðili Vitra húsgagna, sbr. meðfylgjandi yfirlýsingu þess efnis. Það hafi komið Pennanum ehf. á óvart að annar aðili hafi verið með umræddar vörur í endursölu á Íslandi. Eftir að hafa fengið upplýsingar frá Íslandsbanka hf. hafi Penninn ehf. kannað hvort Herman Miller útvegaði Holmris Group vörur til endursölu hér á landi og fengið þau svör að svo væri ekki. Söluaðili Herman Miller í Danmörku nefnist Interstudio og hafi það félag sömuleiðis neitað því að vera birgjur fyrir Holmris Group með Herman Miller vörur. Enn sé því ekki ljóst hvaðan Holmris Group hafi ætlað að útvega þær Herman Miller vörur sem hann hafi boðið til sölu. Gæti því allt eins verið um að ræða vörur sem ekki hafi verið markaðssettar innan EES og því óheimilt að flytja þær hingað til lands, en Herman Miller sé bandarískt fyrirtæki.
12. Viðurkenndir söluaðilar framleiðenda voru á tilteknum svæðum hafi mikilvægi hlutverki að gegna. Hinn viðurkenndi söluaðili kaupir ávallt vörur beint af framleiðanda og geti t.d. ábyrgt uppruna og gæði, ábyrgðarskilmála o.fl. Þegar Íslandsbanki hf. hafi upplýst um að annar aðili væri að bjóða Herman Miller vörur til sölu hafi Penninn ehf. einfaldlega lýst því að hann teldi það undarlegt að einhver annar byði svo mikið magn umræddra vara, enda væri Penninn ehf. viðurkenndur söluaðili framleiðendanna hér á landi. Því hafi hins vegar aldrei verið haldið fram að Pennanum ehf. væri einum heimilt að selja umræddar vörur hér á landi. Slíkt hafi ekki heldur getað verið skilningur bankans, enda hafi hann keypt hluta varanna af Holmris Group. Penninn ehf. geti hins vegar ekki borið ábyrgð á því hvernig bankinn hafi kynnt þessar upplýsingar fyrir kæranda.
13. Penninn ehf. hafi engar rangar, villandi eða óréttmætar upplýsingar veitt í málinu og engum viðskiptaaðferðum beitt sem stríði gegn lögum nr. 57/2005. Hann hafi einfaldlega svarað fyrirspurnum bankans og upplýst hann um þá óhrekjanlegu staðreynd að hann væri viðurkenndur söluaðili varanna hér á landi.

14. Með bréfi Neytendastofu, dags. 31. mars 2017, var bréf Pennans ehf. sent til umsagnar kæranda og brást kærandi við erindinu með bréfi, dags. 11. apríl 2017. Í bréfinu kemur meðal annars fram að kærandi sé umboðsaðili fyrir Holmris skrifstofuhúsgögn hér á landi og hafi frá árinu 2015 rekið verslun með skrifstofuhúsgögnum undir nafninu Büro. Rekstur verslunarinnar sé á nafni Ergoline og kennitölu þess félags. Í nóvember 2015 hafi eigendur Ergoline tekið þá ákvörðun að stofna félagið Büro skrifstofuhúsgögn ehf. vegna reksturs verslunarinnar. Enn hafi þó ekki orðið af því að rekstur verslunarinnar væri fluttur inn í hið nýja félag og hafi það því ekki hafið starfsemi. Kærandi er því rekstraraðili fyrrgreindrar verslunar. Kærandi hafi í samvinnu við Holmris Group í Danmörku gert tilboð í umrædd skrifstofuhúsgögn og vegna viðskipta við bankann hafi Holmris afhent kæranda húsgögn og gefið út reikninga á kæranda. Kærandi hafi svo afhent bankanum húsgögnin og gefið út reikninga í nafni kæranda. Sé því ljóst að kærandi hafi verið aðili að útboðinu og að bankinn hafi keypt húsgögnin af kæranda vegna þess. Kærandi hafi þannig í umboði danska fyrirtækisins Holmris Group afhent Íslandsbanka hf. húsgögn og gefið út reikninga í eigin nafni.
15. Þrátt fyrir að Penninn ehf. sé eini svokallaður „authorized dealer“ á landinu breyti það því ekki að kæranda sé frjálst að selja vörur frá Herman Miller og Vitra hér á landi. Ljóst sé að fullyrðingar Pennans ehf. hafi valdið kæranda tjóni, enda hafi Íslandsbanki hf. dregið verulega úr magni keyptrra vara, og að um villandi og óréttmæta viðskiptahætti hafi verið að ræða þar sem bankinn hafi í kjölfarið efast um getu kæranda til að bjóða vörurnar og þjónusta þær.
16. Með bréfi Neytendastofu, dags. 24. apríl 2017, var bréf kæranda sent til Pennans ehf. og fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum sínum. Svar barst með bréfi Pennans ehf., dags. 28. apríl 2017. Ítrekar fyrirtækið að kærandi sé ekki aðili að málinu og bendir á að ósannað sé að kærandi hafi orðið fyrir tjóni eða orðið af viðskiptum. Þá sé því mótmælt að Penninn ehf. hafi sagst vera „eini authorised dealer“ fyrir húsgögn á Íslandi. Það sé á hinn bóginn rétt að fyrirtækið hafi kynnt sig sem „authorised dealer“ húsgagnanna hér á landi.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

17. Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að af gögnum málsins verði ráðið að Íslandsbanki hf. hafi í tengslum við umrætt útboð greint Büro og Holmris frá því að Penninn ehf. hafi haft samband við bankann og a.m.k. greint frá því að Penninn ehf. væri „only authorized dealer“ fyrir vörur Hermann Miller á Íslandi. Í málinu liggi fyrir yfirlýsing Hermann Miller um að Penninn ehf. sé „our authorized and qualified distributor for the entire Vitra product range in Iceland“. Þá liggi fyrir að Penninn hf. hafi haft samband við Íslandsbanka hf. með tölvubréfi og lýst undrun sinni á að einhver sem væri ekki „authorized dealer“ skyldi bjóða vörurnar í tilteknu magni. Aukinheldur hafi Penninn ehf. greint frá þjónustu og ábyrgðum Pennans hf. vegna varanna.
18. Í ákvörðuninni kemur fram að Neytendastofa telji að leggja beri til grundvallar að kærandi reki og komi fram fyrir hönd Büro ehf. í málinu og að fyrirtækið hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Þar eru síðan rakin ákvæði 5. og 14. gr. laga nr. 57/2005 og tekið fram að af 14. gr.

laganna megi ráða að höfuðáhersla sé lögð á upplýsingar sem beint sé til óákveðins hóps. Við mat á því hvort yfirlýsing sé röng, ófullnægjandi eða villandi í skilningi 14. gr. verði meðal annars að líta til þess samhengis sem hún birtist í og að leggja verði mat á hana miðað við almennan skilning þeirra sem yfirlýsingu sé beint að.

19. Í niðurlagi hinnar kærðu ákvörðunar segir síðan að líta verði til þess að í málinu sé um að ræða samskipti bjóðenda og kaupanda í tengslum við útboð og þess að samskiptin sem um ræði hafi verið gagnkvæm. Íslandsbanki hf. hafi þannig gefið bjóðendum færi á að koma að upplýsingum, skýringum eða athugasemdum um aðstæður og réttarstöðu bjóðenda og vörur þeirra vegna upplýsinganna. Íslandsbanki hf. sé sérfróður aðili sem megi vera ljóst hvaða gildi yfirlýsingar af því tagi sem um ræði hafi þegar tilboð í útboði séu metin. Með vísan til þessa og þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu telji stofnunin ekki að um óréttmæta viðskiptahætti hafi verið að ræða, sbr. 14. og 5. gr. fyrrgreindra laga. Sé því ekki tilefni til frekari aðgerða vegna málsins.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

20. Kærandi leitaði upphaflega til áfrýjunarnefndar neytendamála vegna ákvörðunar Neytendastofu með erindi, dags. 3. janúar 2018. Meðfylgjandi erindinu voru gögn sem kærandi upplýsti að hann liti svo á að teldust trúnaðargögn. Vegna þessa veitti áfrýjunarnefndin kæranda leiðbeiningar um efni 15. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 auk þess sem kæranda var gefinn kostur á að leggja kærana fram að nýju í öðrum búningi. Kæra málsins var loks lögð fram með erindi, dags. 19. janúar 2018.
21. Í kæru er rakið að kærandi hafi tekið þátt í útboði á skrifstofuhúsgögnum fyrir nýjar höfuðstöðvar Íslandsbanka hf. í Kópavogi. Bankinn hafi sýnt tilboði kæranda mikinn áhuga og eftir frekari viðræður óskað eftir að kaupa skrifstofuhúsgögn af kæranda fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Penninn ehf. hafi einnig verið þátttakandi í útboðinu og boðið bankanum sambærilegar vörur til kaups og kærandi. Eftir að Penninn ehf. hafi fengið upplýsingar um áform bankans um að kaupa af kæranda skrifstofuhúsgögn hafi félagið kerfisbundið reynt að grafa undan kæranda gagnvart Íslandsbanka hf. Penninn ehf. hafi í því skyni sett fram rangar, ófullnægjandi eða villandi fullyrðingar um getu og heimild kæranda til að bjóða þær vörur til sölu sem Íslandsbanki hf. hafði óskað eftir. Hafi því meðal annars verið haldið fram að kærandi myndi hvorki geta tryggt ábyrgðir á framangreindum húsgögnum né veitt nauðsynlega þjónustu í tengslum við söluna. Enginn fótur hafi verið fyrir þessum fullyrðingum og þær virðist einungis hafa verið settar fram til að skaða hagsmuni kæranda. Kærandi beri að sjálfsögðu ábyrgð á vörunum í samræmi við íslensk lög og hafi fulla getu til að veita nauðsynlega þjónustu. Þetta hafi birgir kæranda staðfest skriflega.
22. Kærandi tekur fram að hann þekki ekki fyllilega umfang háttsemi Pennans ehf. og hafi aðeins séð brot af þeim samskiptum sem átt hafi sér stað. Það sé því ekki óhugsandi að frekari rangar, ófullnægjandi eða villandi fullyrðingar hafi verið settar fram af hálfu Pennans ehf. eða fyrirtækið hafi beitt öðrum aðferðum sem séu því marki brenndar að hafa áhrif á viðskipti

kæranda og Íslandsbanka hf. Hins vegar sé ljóst að Penninn ehf. hafi sett pressu á Íslandsbanka hf. í því skyni að gengið yrði til viðskipta við fyrirtækið og að þar með yrði hluti viðskiptanna færður frá kæranda til Pennans ehf. Kærandi bendir á að Neytendastofa virðist ekki hafa haft samband við Íslandsbanka hf., eða ráðgjafa bankans við útboðsferlið og því ekki framkvæmt skoðun á umfangi fullyrðinga Pennans ehf. Þetta veki upp spurningar um rannsókn Neytendastofu á málinu og hvort stjórnvaldið hafi fullnægt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga. Kærandi áréttar að í kjölfar pressu frá Pennanum ehf. hafi Íslandsbanki hf. dregið verulega úr fyrirhuguðum kaupum á húsgögnum frá kæranda, eða um rúmlega helming af þeirri fjárhæð sem upphaflegt samkomulag hafi kveðið á um og fært hluta viðskipta sinna til Pennans ehf.

23. Kærandi hafnar niðurstöðu Neytendastofu um að háttsemi Pennans ehf. í samskiptum sínum við Íslandsbanka hf. teljist ekki óréttmættir viðskiptahættir sem brjóti gegn 14. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Eins og fram komi í niðurstöðu Neytendastofu sé hugtakið upplýsingar notað í víðtækri merkingu og geti því tekið til margvíslegs tjáningarháttar og jafnframt að með „öðrum viðskiptaaðferðum“ sé tilgangur ákvæðisins að ná til ýmiss konar yfirlýsinga og fullyrðinga. Tilgangur ákvæðisins sé að banna háttsemi milli fyrirtækja sem sé ósanngjörn gagnvart keppinautum og þar sem að vörur keppinauta séu sýndar í óhagstæðu ljósi. Ákvæðið nái ekki aðeins til hefðbundinna auglýsinga heldur einnig til almennra fullyrðinga sem fyrirtæki viðhafi um sig eða keppinauta sína, sbr. til að mynda úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 11/2008 og ákvörðun Neytendastofu nr. 47/2005. Að mati kæranda sé því ljóst að fullyrðingar Pennans ehf. geti fallið undir framangreinda 14. gr. laga nr. 57/2005.
24. Kærandi telji ljóst að Penninn ehf. hafi með háttsemi sinni brotið gegn 14. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, enda liggi fyrir að háttsemi Pennans ehf. hafi haft veruleg áhrif á eftirspurn eftir vörum kæranda af hálfu Íslandsbanka hf. Hafa beri í huga að 14. gr. laganna geri ekki kröfu um að fullyrðingar eða önnur háttsemi keppinautar hafi raunveruleg áhrif á viðskipti heldur sé nægilegt að háttsemi sé til þess fallin að hafa áhrif á framboð eða eftirspurn á vörum keppinautar. Ekki þurfi því að sýna fram á að fullyrðingar Pennans ehf. hafi haft raunveruleg áhrif á ákvörðun Íslandsbanka hf. Það eitt að viðhafa fullyrðingar sem falli undir 14. gr. laganna teljist vera brot á ákvæðinu.
25. Kærandi hafnar þeirri afstöðu Neytendastofu að Íslandsbanki hf. hafi verið sérfróður aðili í útboði sínu um skrifstofuhúsgögn og hafi því mátt vera ljóst hvaða gildi yfirlýsingar Pennans ehf. hefðu þegar tilboð voru metin. Ekki verði séð að Íslandsbanki hf. geti talist sérfróður aðili þegar komi að útboðum á skrifstofuhúsgögnum, enda bankinn fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem viðskiptabanki. Þá hafi bankinn notið aðstoðar frá bæði ASK arkitektum og norsku arkitektastofunni IARK vegna uppsetningar og framsetningar útboðsins. Því sé ljóst að starfsmenn bankans hafi ekki talið nægilega sérfræðipækkingu til staðar innan bankans til að sjá um útboðið. Að mati kæranda geti það auk þess ekki skipt nokkru máli við mat á því hvort fullyrðingar brjóti gegn 14. gr. laganna að þær séu viðhafðar gagnvart sérfróðum aðilum.

Nægilegt sé að aðili viðhafi fullyrðingar sem falli undir 14. gr. laganna til að slíkt teljist vera brot á ákvæðinu.

26. Í niðurstöðu Neytendastofu komi fram að stofnunin telji að af 14. gr. laga nr. 57/2005 megi merkja að höfuðáhersla sé lögð á að hinum röngu upplýsingum sé beint til óákveðins hóps. Ekki sé hægt að fallast á þessa lagatúlkun, enda sé orðalag ákvæðisins skýrt og hvergi vísað til þess að upplýsingar eða fullyrðingarnar þurfi að beinast að óákveðnum hópi, heldur aðeins að viðskiptaaðferðirnar séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vöru, sem sé ljóst að hafi verið raunin í tilfalli kæranda. Í þessu sambandi megi vísa til ákvörðunar Neytendastofu nr. 47/2015, en þar hafi fyrirtæki sent bréf til viðskiptavina keppinautar og haft þar uppi fullyrðingar sem Neytendastofa hafi talið rangar og ófullnægjandi og til þess fallnar að hafa áhrif á framboð vara keppinautarins. Í málinu hafi upplýsingarnar ekki beinst að óákveðnum hópi heldur verið beint að tilteknum viðskiptavinum keppinautarins. Hafi Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að 14. gr. laga nr. 57/2005 ætti við.
27. Fullyrðingar Pennans ehf. hafi verið rangar, ófullnægjandi og villandi og haft þann eina tilgang að hafa áhrif á viðskipti kæranda og Íslandsbanka hf., Pennanum hf. til hagsbóta. Fullyrðingarnar hafi haft raunveruleg áhrif á eftirspurn eftir vörum kæranda. Að mati kæranda sé því ljóst Penninn ehf. hafi brotið gegn 14. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Kærandi hvetji því áfrýjunarnefnd neytendamála til að taka málið til skoðunar og fella ákvörðun Neytendastofu úr gildi eða eftir atvikum, úrskurða að Penninn ehf. hafi brotið gegn áðurnefndu ákvæði og beita fyrirtækið viðeigandi viðurlögum eða vísa málinu aftur til Neytendastofu til nýrrar meðferðar.
28. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til Neytendastofu, dags. 30. janúar 2018, var Neytendastofu boðið að koma að athugasemdum við kærana. Svar barst með greinargerð stofnunarinnar, dags. 13. febrúar 2018, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Í greinargerðinni kemur fram að Neytendastofa sé sammála kæranda um að ákvæði 14. gr. laga nr. 57/2005 geti almennt séð tekið til háttsemi af því tagi sem um sé deilt í málinu. Ljóst sé einnig að fyrirtækjum sé almennt heimilt að gæta lögmætra hagsmuna sinna svo lengi sem ekki sé beitt aðferðum sem séu andstæðar góðum viðskiptaháttum. Neytendastofa vísar í þessu samhengi til úrskurða áfrýjunarnefndarinnar 23. janúar 2003 (20/2002) og 15. mars 2007 (4/2007).
29. Neytendastofa bendir á að ákvæði 14. gr. laga nr. 57/2005 sé samhljóða eldra ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 um villandi viðskiptahætti áður en því hafi verið breytt með lögum nr. 50/2008, að undanskildu því að núgildandi ákvæði taki aðeins til hagsmuna keppinauta. Ákvæðið sé einnig sambærilegt 21. gr. eldri samkeppnislaga nr. 8/1993 og 27. gr. eldri laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978. Í tíð eldri laga hafi verndarhagsmunir ákvæðisins bæði verið keppinauta og neytenda. Ummæli í greinargerðum með eldri ákvæðum og úrlausnir neytendayfirvalda úr gildistíð eldri laga kunni því að hafa leiðbeiningargildi við túlkun ákvæðisins. Þá kunni danskir dómur sem varði túlkun samsvarandi

ákvæði danskra laga um villandi viðskiptahætti að hafa þýðingu en þeim ákvæðum svipi verulega til íslensku ákvæðanna.

30. Af greinargerð með ákvæðinu í frumvarpi til laga nr. 56/1978 megi ráða að upplýsingarnar sem ákvæðið taki til þurfi að vera rangar, villandi eða ófullnægjandi. Því til viðbótar sé ólögmæti verknaðar bundið við það, að upplýsingar eða aðrar viðskiptaaðferðir séu fallnar til þess að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, þjónustu o.s.frv. Nægilegt sé að upplýsingar og aðferðirnar séu fallnar til þess að hafa þessi áhrif. Ljóst sé að 14. gr. laga nr. 57/2005 sé matskennt ákvæði. Við mat á því hvort fullyrðingar séu rangar, ófullnægjandi eða villandi hafi verið lagt til grundvallar að líta verði meðal annars til þess samhengis sem fullyrðingin birtist í og að miða við almennan skilning þeirra sem slíkum yfirlýsingum sé beint að. Vísar Neytendastofa í þessu samhengi til úrskurða áfrýjunarnefndarinnar 26. febrúar 2009 (11/2008) og 18. desember 2008 (9/2008). Þá er rakið að í dönskum rétti hafi verið ritað nokkuð um rangar sögusagnir um önnur fyrirtæki. Hafi danskir fræðimenn talið að það teljist ekki eitt og sér til óréttmætra viðskiptahátta að upplýsa hvort heldur sem er eigin viðskiptamenn eða keppinautarins um að vegið sé að lögvörðum hagsmunum fyrirtækis svo lengi sem slíkt sé stutt gildum rökum og réttum upplýsingum.
31. Neytendastofa bendir á að í útboði keppist bjóðendur við að sýna fram á ágæti vöru sinnar og þjónustu til þess að hljóta samning. Á þeim vettvangi bjóðist kaupendum og bjóðendum að skiptast á upplýsingum og athugasemdum í samræmi við útboðsskilmála. Íslandsbanki hf. sé ekki almennur neytandi heldur fagaðili. Almennt megi gera ríkari kröfur til slíkra aðila í viðskiptum en hins almenna neytanda. Þótt Íslandsbanki hf. hafi ekki sérfræðiþekkingu á húsgögnum hafi bankinn greiðan aðgang að lögfræðiþjónustu auk þess sem bankinn hafi keypt ráðgjafapjónustu tveggja arkitektastofa vegna útboðsins.
32. Ætla verði að það felist í framkvæmd útboðs að bornir séu saman eiginleikar vöru og þjónustu auk skilmála og kjara. Neytendastofa líti svo á að fagaðili á borð við Íslandsbanka hf. hafi verið fyllilega í stakk búinn að staðreyna í hverju umboðssamningur Hermann Miller við Pennann ehf. hafi falist. Þá verði að ætla að bankinn hafi getað aflað, lesið og borið saman ábyrgðarskilmála bjóðenda auk þess að átta sig á reglum sem gildi um samhliða innflutning á Evrópska efnahagssvæðinu. Neytendastofa telji að fullyrðingar Pennans hf. hafi hvorki verið rangar, villandi eða ófullnægjandi né að þær hafi verið til þess fallnar að valda því að Íslandsbanki hf. tæki ákvörðun sem bankinn hefði ella ekki tekið. Gögn málsins gefi ekki annað til kynna en að Penninn ehf. hafi verið að gæta lögmætra hagsmuna sinna í útboðinu.
33. Að því er varðar fullyrðingar kæranda um að Neytendastofa hafi ekki fullnægt rannsóknarskyldu sinni bendir stofnunin á að umfang og eðli reglu 10. gr. stjórnisýslulaga sé breytilegt eftir aðstæðum hverju sinni. Stofnunin hafi metið það svo að nægileg gögn hafi verið komin fram í málinu svo unnt væri að taka efnislega rétta ákvörðun í því. Þá sé bent á að mat Neytendastofu hafi ekki lotið að því hvort hin umdeilda upplýsingagjöf hafi raunverulega haft áhrif á ákvörðun bankans um viðskipti heldur að því hvort hún væri til þess fallin að hafa slík

áhrif. Neytendastofa hafi séð til þess að báðir aðilar málsins fengju nægilegt ráðrúm til að koma sjónarmiðum og gögnum á framfæri. Íslandsbanki hf. hafi ekki átt aðild að málinu og því hafi ekki verið þörf á að bankinn tjáði sig í því. Að gagnaöflun lokinni hafi Neytendastofa ekki talið tilefni til frekari rannsóknar í málinu. Þá innihaldi málsmeðferð hjá Neytendastofu ekki sönnunarfærslu með munnlegri skýrslugjöf. Deilur aðila um símtöl fyrirtækja á milli verði að leiða til lykta á öðrum vettvangi.

34. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til kæranda, dags. 20. febrúar 2018, var honum boðið að koma að athugasemdum sínum við greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 21. mars 2018. Þar bendir kærandi á að í greinargerð sinni leggi Neytendastofa áherslu á að Íslandsbanki hf. sé ekki almennur neytandi heldur fagaðili. Í upphaflegri ákvörðun sinni frá 7. desember 2017 hafi Neytendastofa gengið lengra og vísað til þess að Íslandsbanki hf. væri sérfróður aðili. Kærandi vilji undirstrika að Íslandsbanki hf. geti ekki talist sérfróður aðili eða fagaðili þegar komi að því að meta tilboð í skrifstofuhúsgögn, enda sé bankinn fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem viðskiptabanki. Þá sé bent á að orðalag 14. gr. laga nr. 57/2005 sé skýrt og geri engan greinarmun á því hvort að háttsemi sú sem um ræði beinist að einstaklingum, lögaðilum, fagaðilum eða sérfróðum aðilum. Því verði ekki séð að það eigi að hafa nokkur áhrif á mat á því hvort Penninn ehf. hafi brotið gegn 14. gr. laga nr. 57/2005, hvort bankinn sé sérfróður aðili eða fagaðili.
35. Í greinargerð Neytendastofu sé vísað til þess að samkvæmt dönskum rétti sé talið að það eitt og sér að bera upp rangar sögusagnir um önnur fyrirtæki teljist ekki til óréttmætra viðskiptahátta, svo lengi sem slíkt sé stutt gildum rökum og réttum upplýsingum. Kærandi bendi á að hvorki komi fram til hvaða ákvæðis dönsku laganna sé verið að vísa til né um inntak þeirrar lagareglu sem um ræðir. Því sé óljóst hvort inntakið samræmist inntaki 14. gr. laga nr. 57/2005. Þá verði ekki séð að tilgangi 14. gr. laga nr. 57/2005, um að banna háttsemi milli fyrirtækja sem sé ósanngjörn gagnvart keppinautum og þar sem vörur keppinauta séu nefndar í óhagstæðu ljósi, verði náð ef samkeppnisaðilum sé heimilt að bera uppi rangar sögusagnir. Þá verði jafnframt ekki séð hvernig fullyrðingar geta talist rangar sögusagnir ef þær byggja á gildum rökum og réttum upplýsingum, enda geti rangar sögusagnir vart verið studdar með gildum rökum og réttum upplýsingum, þar sem þær séu rangar.
36. Kærandi fallist ekki á það með Neytendastofu að Penninn ehf. hafi aðeins gætt lögmætra hagsmuna sinna í útboðinu, enda hafi fyrirtækið gengið lengra en nauðsynlegt geti talist þegar það gróf undan kæranda í samskiptum sínum við Íslandsbanka hf. Verði að telja að nægjanlegt hefði verið fyrir Pennann ehf. til að gæta ætlaðra hagsmuna sinna vegna útboðsins að senda bankanum yfirlýsingar frá Hermann Miller og Vitra um heimildir og réttindi Pennans ehf. Fyrirtækið hafi á hinn bóginn gengið lengra og fullyrt að kærandi myndi hvorki geta tryggt ábyrgðir á húsgögnunum né veitt nauðsynlega þjónustu í tengslum við söluna, en enginn fótur hafi verið fyrir þessum fullyrðingum Pennans ehf. líkt og komið hafi fram. Í samræmi við framangreint verði að hafna þeirri fullyrðingu Neytendastofu að Penninn ehf. hafi aðeins verið

að gæta lögmætra hagsmuna sinna þegar Penninn ehf. fullyrta ranglega um getu og heimildir kæranda til að bjóða, þjónusta og ábyrgjast húsgögn frá Vitra og Hermann Miller, enda hafi ekki legið fyrir nein gild rök eða staðfestar upplýsingar um slíkt. Sýnt hafi verið fram á það með fullnægjandi hætti að fullyrðingar Pennans ehf. hafi verið rangar, ófullnægjandi og villandi og haft þann eina tilgang að hafa áhrif á viðskipti kæranda og Íslandsbanka hf., Pennanum ehf. til hagsbóta. Fullyrðingarnar hafi haft raunveruleg áhrif á eftirspurn Íslandsbanka hf. eftir vörum kæranda. Með þessum viðskiptaðferðum hafi Penninn ehf. brotið gegn 14. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Að öðru leyti vísar kærandi til sjónarmiða og kröfugerðar í kæru til áfrýjunarnefndarinnar, dags. 3. janúar 2018.

37. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar til Pennans ehf., dags. 10. apríl 2018, var fyrirtækinu boðið að koma að athugasemdum við fram komna kæru. Svar barst með bréfi, dags. 16. apríl 2018, þar sem Penninn ehf. ítrekar þá afstöðu að kærandi eigi ekki aðild að málinu, enda hafi fyrirtækið ekki tekið þátt í umræddu útboði. Kærandi hafi sjálfur ekki tekið þátt í umræddu útboði heldur tekið það upp hjá sjálfum sér að kvarta til Neytendastofu vegna danska fyrirtækisins Holmris Group. Tilboðið sem kærandi telji að bankinn hefði átt að taka eða hafi verið búinn að taka, hafi verið lagt fram af hálfu danska fyrirtækisins, en ekki af kæranda, eins og skýrt komi fram í erindi þess fyrirtækis til bankans. Kæranda hafi ekki verið boðið að taka þátt í útboðinu. Hefði því verið rétt að vísa erindi kæranda frá Neytendastofu.
38. Í bréfinu kemur næst fram að kæran sé reist á röngum og ósönnuðum fullyrðingum. Greinargerð Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála geri mjög skýra grein fyrir aðalatriðum málsins og forsendum ákvörðunar stofnunarinnar. Kærandi hafi ekki með nokkru móti sýnt fram á að þær upplýsingar sem Penninn ehf. hafi veitt í tengslum við útboð Íslandsbanka hf. á sínum tíma, hafi verið rangar, villandi eða ófullnægjandi. Þvert á móti hafi verið um upplýsandi staðreyndir að ræða. Það breyti engu þótt þær staðreyndir hafi verið óþægilegar fyrir kæranda. Penninn ehf. sé viðurkenndur söluaðili á Íslandi fyrir vörumerkin Herman Miller og Vitra og hafi ekki gert annað en að benda á þá staðreynd. Fyrirtækið hafi hvorki gert kröfur á bankann né hallað orði á Holmris Group eða kæranda. Kvörtun kæranda byggji alfarið á því að ábending kæranda til Íslandsbanka hf., hafi falið í sér óréttmæta viðskiptahætti.
39. Penninn ehf. bendir á að það séu þýðingarmiklar upplýsingar fyrir þann sem hyggst kaupa muni eins og skrifstofuhúsgögn, sérstaklega í stóru útboði, að einhver bjóðenda sé viðurkenndur söluaðili fyrir viðkomandi framleiðanda húsgagnanna. Viðurkenndur söluaðili kaupi ávallt vörur beint af framleiðanda. Hann geti ábyrgst uppruna og gæði vörunnar, ábyrgðarskilmála o.fl. Hann hafi aðgang að kynningar- og markaðsefni beint frá framleiðanda og hafi þýðingarmiklu hlutverki að gegna við markaðssetningu vörumerkja á viðkomandi markaði. Þá geti hann ávallt útvegað varahluti og viðgerðarþjónustu fyrir viðkomandi vöru. Hinn viðurkenndi söluaðili sé fulltrúi framleiðanda vörunnar á hverju sölusvæði fyrir sig og ábyrgist tiltekna þjónustu, sem aðrir söluaðilar, t.d. þeir sem stundi samhliða innflutning, þurfi ekki að veita. Það að koma á framfæri í útboði upplýsingum um að bjóðandi sé viðurkenndur söluaðili,

geti því á engan hátt talist óréttmætir viðskiptahættir. Slíkar upplýsingar séu ekki rangar, ófullnægjandi eða villandi. Þvert á móti séu þær réttar og þýðingarmiklar. Að mati Pennans ehf. skipti engu máli hvernig þessum réttu upplýsingum sé komið á framfæri.

40. Penninn ehf. árétti að í útboðsskilmálum Íslandsbanka hf. hafi komið fram að bankinn áskildi sér rétt til að semja við hvaða bjóðanda sem væri. Þannig hafi bankinn ekki aðeins leitað að lægsta verði. Bankinn hafi haft frjálst val um hvern hann samdi við og á hvaða forsendum. Ekki hafi verið búið að taka neinu tilboði þegar kærandi hafi vakið athygli á því að hann væri viðurkenndur söluaðili Herman Miller og Vitra á Íslandi. Niðurstaða bankans hafi verið sú að kaupa hluta húsgagna af Holmris Group og hluta af Pennanum ehf. Við þá niðurstöðu bankans verði báðir aðilar að una. Kærandi hafi ekki sýnt fram á að bankinn hafi ætlað eða verið búinn að taka ákvörðun um að kaupa öll húsgögnin af kæranda eða Holmris Group eingöngu, enda sé það ekki rétt. Ekki hafi heldur verið sýnt fram á af kæranda, að upplýsingar um framangreindar staðreyndir sem Penninn ehf. veitti, hafi yfir höfuð haft nokkur áhrif á það við hvern bankinn hafi ákveðið að semja í útboðinu.
41. Því sé hafnað að Penninn ehf. hafi beitt Íslandsbanka hf. „pressu“ í málinu eða að bankinn hafi dregið úr fyrirhuguðum kaupum á húsgögnum frá kæranda. Þá sé tekið undir það með Neytendastofu að stofnunin hafi gætt nægilega að rannsóknarskyldu sinni í málinu. Deilt sé um ákveðin og tiltekin samskipti. Ekki verði séð að nokkru máli hafi skipt fyrir úrlausn málsins að Íslandsbanka hf. hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um málið, enda sé bankinn ekki aðili að málinu. Ekki verði séð að kærandi hafi gert nokkra tilraun til að óska sjálfur eftir gögnum frá bankanum eða upplýsingum að öðru leyti. Í kæru sé því haldið fram að kærandi „þekki ekki fyllilega umfang háttsemi Pennans ehf. og hefur aðeins sé brot af þeim samskiptum sem áttu sér stað“. Þessi fullyrðing sé engum göngum studd og sé henni vísað á bug. Að öðru leyti vísi Penninn ehf. til fyrirleggjandi gagna í málinu, einkum bréfa fyrirtækisins til Neytendastofu, hinnar kærðu ákvörðunar og greinargerðar Neytendastofu til áfrýjunarnefndar.

NIÐURSTAÐA

42. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að ekki sé ástæða til að bregðast við erindi kæranda til stofnunarinnar er lýtur að samskiptum Pennans ehf. við Íslandsbanka hf. í tengslum við útboð bankans vegna fyrirhugaðra kaupa á húsgögnum. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að áfrýjunarnefndin komist að þeirri niðurstöðu að Penninn ehf. hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 en ellegar að málinu verði vísað aftur til Neytendastofu til nýrrar meðferðar.
43. Samkvæmt gögnum málsins óskaði Íslandsbanki hf. í ágústmánuði 2016 eftir tilboðum vegna fyrirhugaðra kaupa á húsgögnum í nýjar höfuðstöðvar bankans. Í beiðni bankans um tilboð kom fram að bankinn leitaði eftir húsgögnum í tiltekinn fjölda herbergja auk þess sem tilgreint var að bankinn hygðist festa kaup á u.þ.b. 400 skrifborðum og skrifborðsstólum. Bankinn áskildi sér rétt til að hafna öllum tilboðum og tók fram að hann væri ekki bundinn af lægsta tilboði,

enda væri val á seljanda ekki einungis byggt á verði heldur einnig öðrum þáttum. Í beiðni bankans var gerð grein fyrir kröfum hans til húsgagnanna og hvernig kaupskilmálum skyldi háttað. Beiðnin mun hafa verið send til valinna seljanda húsgagna á Íslandi og Norðurlöndunum. Meðal þeirra sem fengu beiðni bankans var verslunin Büro, sem mun vera rekin af kæranda. Var þess óskað að þátttakendur í útboðinu legðu fram tilboð eigi síðar en 2. september 2016. Kærandi tók þátt í útboðinu og bera gögn málsins með sér að það hafi fyrirtækið gert í samvinnu við danska fyrirtækið Holmrís Group. Penninn ehf. tók einnig þátt í útboðinu. eru gögn málsins nægjanlega skýr um þessi atvik málsins og er ekki ástæða til að draga í efa aðild kæranda að málinu.

44. Í gögnum málsins er að finna tölvubréf frá starfsmanni Íslandsbanka hf. til tveggja starfsmanna Pennans ehf., dags. 21. september 2016. Þar er upplýst að svokallaður stýrihópur, er starfi að verkefninu fyrir bankann, hafi ákveðið að velja stól af gerðinni „Herman Miller Mirra 2“. Fyrir liggja tilboð um sölu á umræddum stól sem sé verulega lægra en tilboð Pennans ehf. Með tölvupóstinum er Pennannum ehf. gefinn kostur á að lækka verð á umræddum stól og tekið fram að enn sé mikill munur á verðum sem fyrirtækið bjóði og þeim sem bankanum bjóðist frá öðrum. Að öllu óbreyttu eigi bankinn mjög erfitt með að versla við Pennann ehf.
45. Framkvæmdastjóri Pennans ehf. svaraði tölvubréfinu samdægurs. Þar segir eftirfarandi: „Það kemur okkur óþægilega á óvart að einhver sem ekki er „authorized dealer“ á Íslandi skuli vera að bjóða þessa stóla í svo miklu magni. Við liggjum með þessa stóla á lager og varahluti í þá, höfum fengið þjálfun í sölu og markaðssetningu þessara stóla og síðast en ekki síst hafa þjónustumenn okkar fengið þjálfun í að gera við og þjónusta þessa stóla eins og aðra frá Herman Miller. Penninn veitir 12 ára ábyrgð á Mirra2 stólunum (5 ár á neti, hæðarpumpu og armpúðum). Penninn hefur verið söluaðili fyrir Herman Miller vörur frá því fyrir síðustu aldamót. Mér þætti afar vænt um ef þú gætir hringt í mig í fyrramálið eða núna í kvöld til að ræða þetta betur. Við höfum að sjálfsögðu áfram mikinn áhuga á að selja ykkur þessa stóla og ég veit að Herman Miller mun styðja okkur í því.“
46. Fyrir liggur að sama dag sendi starfsmaður fyrirtækisins Herman Miller tölvubréf til umrædds framkvæmdastjóra Pennans ehf. Í tölvubréfinu, frá starfsmanni sem er titlaður „Regional Sales Manager. CIS, Nordics and Eastern Europe“, segir eftirfarandi: „As discussed, Penninn are Herman Miller’s only authorised dealer within Iceland. We therefore support and partner with Penninn on all projects within Iceland. This should ensure that clients within Iceland receive the best possible service and support from Herman Miller through Penninn. As our trusted route to market we will work alongside Penninn to ensure that we offer our clients within this region the best possible product, price and ongoing service.“ Sambærileg yfirlýsing mun hafa komið fram af hálfu fyrirtækisins Vitra.
47. Af gögnum málsins verður ráðið að framangreint tölvubréf sölustjóra Herman Miller var af hálfu Pennans ehf. sent til Íslandsbanka hf. Starfsmaður bankans mun í kjölfarið hafa sent sölustjóra danska fyrirtækisins Holmrís Group, samstarfsaðila kæranda, fyrirspurn þar sem

upplýst var um efni tölvubréfsins. Kom þar fram eftirfarandi skilningur starfsmanns bankans á framangreindum samskiptum: „Penninn contacted us saying that they are the only ones that can sell Herman Miller in Iceland [...]“ Var þess óskað að danska fyrirtækið kannaði stöðu sína gagnvart fyrirtækinu Herman Miller og gæfi upplýsingar um það hvernig það hygðist sinna viðhaldi samkvæmt þeim ábyrgðum sem fyrirtækið veitti. Í svari frá sölustjóranum var áréttað að fyrirtækinu væri heimilt að selja umrædda stóla til Íslands og að það væri með samning við Herman Miller þar sem kveðið væri á um fastan afslátt og allar ábyrgðir. Væri fyrirtækið tilbúið að veita ábyrgðir aukalega. Þá léki ekki vafi á að kærandi væri tilbúinn að veita bestu mögulegu þjónustu og möguleiki væri á að samið yrði um að birgðir af umræddum stólum og varahlutum í þá yrðu til staðar á Íslandi fyrir bankann.

48. Starfsmaður Íslandsbanka hf. óskaði í kjölfarið eftir að Holmris Group aflaði staðfestingar frá Herman Miller um að Íslandsbanki hf. myndi ekki verða fyrir nokkrum óþægindum eða vandamálum ef umræddir stólar yrðu keyptir frá Holmris Group og að þjónusta vegna þeirra yrði veitt af Büro. Var þess einnig óskað að Holmris Group aflaði sambærilegar yfirlýsingar frá fyrirtækinu Vitra. Ekki liggur fyrir hvernig kærandi eða fyrirtækið Holmris Group brugðust við beiðni Íslandsbanka hf. Á hinn bóginn mun Íslandsbanki hf. í kjölfarið hafa ákveðið að ganga til viðskipta við hvoru tveggja kæranda og Pennann ehf. Telur kærandi að það magn húsgagna sem bankinn ákvað að lokum að kaupa af honum sé töluvert minna en bankinn hafði rætt um að kaupa áður en framangreind samskipti áttu sér stað.
49. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er kveðið á um að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bann þetta gildir áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Samkvæmt ákvæðinu er nánar tilgreint í III.-V. kafla laganna hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir. Í V. kafla laganna er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja sem talist getur til óréttmætra viðskiptahátta. Þar er í 14. gr. mælt fyrir um að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.
50. Kærandi telur að Penninn ehf. hafi sett fram fullyrðingar sem brjóti í bága við 14. gr. laga nr. 57/2005 þar sem fyrirtækið hafi haldið því fram að kærandi myndi hvorki geta tryggt ábyrgðir á framangreindum húsgögnum né veitt nauðsynlega þjónustu í tengslum við söluna þar sem Penninn ehf. væri eini réttmæti sölu og dreifingaraðili Herman Miller og Vitra húsgagna hérlendis. Eins og mál þetta liggur fyrir áfrýjunarnefndinni verður ekki annað ráðið en að kærandi dragi framangreinda ályktun af tölvubréfi Pennans ehf. til Íslandsbanka hf., dags. 21. september, þar sem fram kom að það kæmi starfsmönnum Pennans ehf. á óvart að fyrirtæki, sem ekki væri „authorized dealer“ á Íslandi skyldi selja tiltekna gerð stóla frá fyrirtækinu Herman Miller í miklu magni hér á landi.

51. Framangreind staðhæfing Pennans ehf. gagnvart Íslandsbanka hf. var staðfest samdægurs í tölvubréfi sölustjóra Herman Miller til Pennans ehf. þar sem fram kom að Penninn ehf. væri „Herman Miller’s only authorised dealer within Iceland“. Ekki liggur fyrir í málinu hvað felst í samningssambandi Pennans ehf. og Herman Miller að þessu leyti og verður raunar ekki séð að fyrirtækin hafi útskýrt frekar hvað fælist í þessari stöðu Pennans ehf. sem „authorized dealer“ á Íslandi umfram það að Herman Miller styddi starfsemi Pennans ehf. á einhvern hátt að því er varðaði sölu á vörum fyrirtækisins. Á hinn bóginn er ljóst að hin umdeilda yfirlýsing Pennans ehf. endurspeglar yfirlýsingu Herman Miller, sem einnig var látin Íslandsbanka hf. í té. Verður því ekki talið að hún hafi verið röng, ófullnægjandi eða villandi, enda var með henni ekki gefið annað og meira til kynna en það eitt að fyrirtækið væri „only authorised dealer“ á Íslandi. Hið sama á við um þær staðhæfingar sem ætla má að Penninn ehf. hafi sett fram um samband fyrirtækisins við erlenda fyrirtækið Vitra, en yfirlýsing þess fyrirtækis liggur einnig fyrir í málinu. Þegar af þessari ástæðu verður staðfest sú niðurstaða Neytendastofu að ekki sé ástæða til aðgerða vegna erindis kæranda til stofnunarinnar. Þá var ekki tilefni fyrir stofnunina að rannsaka málið frekar, enda vandséð að frekari upplýsingar um eðli stuðnings Hermann Miller við Pennann ehf. á íslenskum markaði hefðu frekar leitt til þess að skilyrði 14. gr. laga nr. 57/2005 teldust uppfyllt. Samkvæmt framangreindu verður hin kærða ákvörðun staðfest.
52. Meðfylgjandi erindi kæranda til Neytendastofu voru tiltekin gögn sem kærandi óskaði eftir að yrðu bundin trúnaði á grundvelli 17. gr. stjórnarsýslulaga. Með bréfi, dags. 7. mars 2017, var Pennanum ehf. tilkynnt um erindi kæranda auk þess sem tekin var ákvörðun um að fyrirtækinu yrði ekki veittur aðgangur að framangreindum trúnaðarupplýsingum. Vakin var athygli á að samkvæmt 2. mgr. 26. gr. stjórnarsýslulaga yrðu ákvarðanir sem ekki bindu enda á mál ekki kærnanlegar fyrr en málið væri til lykta leitt. Ákvörðun Neytendastofu um að takmarka rétt Pennans ehf. til aðgangs að gögnum yrði því kærnanleg til áfrýjunarnefndarinnar þegar efnisleg niðurstaða málsins lægi fyrir. Þessi málsmeðferð Neytendastofu braut í bága við 19. gr. stjórnarsýslulaga er mælir fyrir um kærnuheimild í tilvikum sem þessum. Í ljósi niðurstöðu nefndarinnar um efni málsins leiðir annmarkinn ekki til ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun staðfest

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson